

Mánudaginn 7. marz 1932.

Nr. 95/1931. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

George Alfred Camburn

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 5. ágúst 1931: Kærður, George Alfred Camburn, greiði 14000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, en verði sektin eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 7 mánaða einfalt fangelsi. Afli og veiðarfæri, þar með taldir allir dragstrengir, séu upptækt og eign Landhelgisjóðs. Kærður greiði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin laun verjanda, Alf. Jónssonar, 40 kr.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Út af villandi orðalagi í forsendum hins áfrýjaða lögregluréttardóms skal tekið fram, að staðar-ákvarðanir þær, er varðskipið gerði kl. 14,20 og kl. 14,34, eiga, eins og skýrsla varðskipsforingjans ljóslega ber með sér, við stað varðskipsins sjálfs á þessum tíma og miðanir frá varðskipinu til togarans, en að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda dómsins er það sannað, að kærði, George Alfred Camburn, skipstjóri á botnvörpuskipinu G. Y. 108 Itonian frá Grimsby, hefir hinn 2. ágústmánaðar gerzt sekur um fiskiveiðar með botnvörpu langt inni í landhelgi á Skjálfaflóa.

Ennfremur hefir formaðurinn á vélbátnum Geir Goði og 4 hásetar á bátnum gefið þá skýrslu og síðan staðfest hana með eiði fyrir rétti, að þeir

hinn 17. maí f. á. kl. 7—8 f. h. hafi séð nefnt botnvörpuskip vera að veiðum með bakborðsvörpu í sjó á svokölluðum Hafnaleir suður af Stafnesi í Gullbringusýslu og miðuðu þeir stað botnvörpuskipsins þannig: Vatnsfell öðru nafni Bæjarfell á Reykjanesi laust við Hafnabergstá og Keilir um Þórshöfn. Hefir skipherrann á varðskipinu Þór og forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík, hvor í sínu lagi, merkt stað þennan á sjóbréf, er lögð hafa verið fram í hæstarétti, og er hann um 2 sm. innan landhelgislínu. Styðst skýrsla þessi ennfremur við það, að formaðurinn á vérbátnum Björgvin hefir borið það fyrir rétti, að hann hinn sama dag kl. 7,30 f. h. hafi séð nefnt botnvörpuskip að veiðum með bakborðsvörpu í sjó á þessum miðum: Vatnsfell laust við Hafnabergstá og Keilir um Hafnir, og hefir skipherrann á varðskipinu Þór og forstöðumaður stýrimannaskólans einnig merkt þennan stað á sjóbréf, er lögð hafa verið fram í hæstarétti. Er þessi staður nokkru sunnar og um 2,3 sm. innan landhelgislínu.

Kærði hefir viðurkennt, að hann hinn 17. maí f. á. hafi verið skipstjóri á nefndu botnvörpuskipi, og að það geti verið rétt, að hann nefndan dag, 17. maí f. á. hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á þeim stað, er í skýrslum þessum greinir.

Með skýrslum þessum er það sannað, að kærði einnig hinn 17. maí f. á. hefir verið að fiskveiðum í landhelgi.

Með þessu hefir kærði gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og ákveðst refsing hans samkvæmt 3. gr. nefndra laga og með hliðsjón af því að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 58,79, 20000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands og af-

plánist sekt þessi með 8 mánaða einföldu fangelsi verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, George Alfred Camburn, skipstjóri á botnvörpuskipinu G. Y. 108 Itonian frá Grímsby, greiði 20000 kr. sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn George Alfred Camburn, skipstjóra á togaranum Itonian frá Grímsby, merktum G. Y. 108, fyrir brot á ákvæðum laga 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Mála-
vextir eru þeir, sem nú skal greina:

Sunnudaginn 2. þ. m. kom varðskipið Þór frá Flatey á Skjálfandaflóa og hélt suður með landi. Kl. 13.50 sást

togari í lendhelgi. Kl. 14,20 var á varðskipinu gerð eftirfarandi staðarákvörðun togarans.

Víkurhöfði \neq Hágangstá og $<$ til Brúnkolls 92°, var togarinn þá að bera í Saltvík og var þá að minnsta kosti 6½ sjómílu innan landhelgi. Kl. 14,25 var á varðskipinu dregið upp stöðvunarmerki M.N. og blásið í eimpípu, til þess að á togaranum yrði tekið eftir stöðvunarmerkinu, enda logn og togarinn þá um 1800 metr. frá varðskipinu. Kl. 14,27 var frá varðskipinu skotið lausu skoti á togaranum, kl. 14,28 aftur öðru lausu skoti, kl. 14,33 aftur þriðja lausu skoti, kl. 14,30 aftur fjórða skoti, kúluskoti, kl. 14,31½ aftur fimmta skoti, kúluskoti, kl. 14,33 aftur sjötta skoti, kúluskoti, kl. 14,34 aftur 7. skoti, kúluskoti. Kl. 14,34 var eftirfarandi staðarákvörðun togarans gerð frá varðskipinu:

Tjörnestá
 $> 15^{\circ}.40'$
 Fossinn N. við Hringver
 $> 37^{\circ}$

Húsavíkurkirkja

var þá togarinn rúmar 4 sjómílu innan landhelgi og um 1200 metra frá varðskipinu.

Kl. 14,35 var frá varðskipinu skotið 8. skoti, kúluskoti, kl. 14,36 var skotið 9. skoti, kúluskoti, kl. 14,37 var skotið 10. skoti, kúluskoti, kl. 14,40 var skotið 11. skoti, kúluskoti, kl. 14,42 var skotið 12. skoti, kúluskoti, kl. 14,44 var skotið 13. skoti, kúluskoti, kl. 14,50 var skotið 14. skoti, kúluskoti, kl. 14,52 var skotið 15. skoti, kúluskoti, kl. 14,55 var skotið 16. skoti, kúluskoti, kl. 15,01 var skotið 17. skoti, kúluskoti, kl. 15,10 var skotið 18. skoti, kúluskoti, og voru 13 síðustu skot varðskipsins miðuð ýmist á reiða eða reyk háf togarans, sem nam staðar fyrst kl. 15,14, og kl. 15,15 er varðskipið komið að togaranum. Er þá á varðskipinu gerð eftirfarandi staðarákvörðun togarans:

N. K. Lágey
 $> 29^{\circ} 10'$
 Tjörnesviti
 $> 70^{\circ} 30'$

N. K. Lundey

dýpi 150 m., er gefur stað togarans 1 sm. utan landhelgi

og hafði varðskipið þá elt togarann 1 klst. og 5 mínútur með 10,5 til 11 milna hraða, nær því beint frá landi.

Kærður, George Alfred Camburn, hefir í réttinum strax kannast við, að staðarákvarðanir varðskipsins væru réttar, og síðar viðurkennt að hafa verið að botnvörpuveiðum á þessum slóðum í landhelgi þennan dag, nokkru áður en varðskipið kom að.

Þá liggur fyrir í málinu vottorð 6 manna um að kærður hafi verið að botnvörpuveiðum 17. maí s. l. í landhelgi út af Kirkjuvogi og hafa vottorðsgefendur unnið eið að því, en skipherrann á varðskipinu Þór tekið staðarákvarðanir samkv. miðum þeim, er vottorðin greina, og gefur það stað togarans 2 og 2,3 sjómilur innan landhelgi. Kærður telur að verið geti, að hann hafi téðan dag verið að botnvörpuveiðum þarna í landhelgi, en að hann muni það ekki og að það hafi verið sér óafvitandi, ef svo hafi verið.

Af því er framan segir, verður að telja fullsannað, að kærður hafi verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi 17. maí s. l. út af Kirkjuvogi og 2. þ. m. á Skjálfandaflóa. Kærður hefir eigi áður sætt refsingu af hálfu þess opinbera. Kærður hefir með fyrrgreindu athæfi sínu gerzt brotlegur gegn 1. grein laga 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi og er sektin með tilliti til þess, að ísl. pappírskróna jafngildir nú kr. 81,74, sjá ennfremur lög 4/1924, hæfilega ákveðin 14000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands og afli og veiðarfæri, þar með taldir allir dragstrengir, upptækt og eign sama sjóðs.

Ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað 7 mánaða einfalt fangelsi.

Svo greiði og kærður allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda. Alf. Jónssonar, 40 kr.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

